

Siglingaráð

18. fundur

Dags.: 5. september 2019, kl. 11:00 til 13:05 í Samgöngustofu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Bryndís Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Axel Helgason (Landssamband smábátaeigenda), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Gestir fundar: Jón Gunnar Jónsson forstjóri (Samgöngustofa), Jón Bernódusson (Samgöngustofa), Sverrir Konráðsson (Samgöngustofa), J. Snæfriður Einarssdóttir (HSE).

Forföll: Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar.
2. Fundargerð 17. fundar Siglingaráðs. (Áp sendi í tölvupósti)
3. Auglýsing fyrir ráðstefnu um konur og siglingar á alþjóðasiglingadeginum 26. september 2019.
4. Tillögur vinnuhóps að umsögn vegna afgreiðslu umsókna um styrki til hugvitsmanna. (verða sendar í tölvupósti)
5. Glærug kynning SK/SGS með niðurstöðum IMSAS úttektar vorið 2019. (verður send í tölvupósti)
6. Glærug kynning SK/SGS um ráðherraráðstefnu 21.-23. október um Cape Town Agreement sem haldin verður í Torremolinos. (verður send í tölvupósti)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Nýr fulltrúi í ráðinu Bryndís Sigurðardóttir sveitarstjóri á Tálknafirði var boðin velkomin í hópinn. Jón Gunnar Jónsson forstjóri SGS kynnti sig, fyrrum störf og hugðarefni og var hann boðinn velkominn til starfa á nýjum vettvangi.

1. Fundargerð 17. fundar samþykkt með breytingu HSS í 2. lið um styrkveitingar um umsögn ráðsins á tillögum samgöngustofu.
2. Ráðstefna á alþjóðasiglingadeginum 26. september. Áp upplýsti um gang mála, skipulagning hefur gengið vel og allt tilbúið nema að fá nýja mynd af konu í auglýsinguna.
3. Styrkir til hugvitsmanna. Vinnuhópurinn ásamt JB hefur farið yfir málin og gert tillögu að umsögn varðandi þessar tvær umsóknir sem bárust (sjá kynningar á 16. fundi og framlagt gagn nr.4).
 - I. Nýtt björgunartæki. Veittur verði 750.000 kr. styrkur með því skilyrði að samstarf við Háskólann í Reykjavík verði tryggt með samningi milli umsækjanda og skólans.
 - II. Rannsókn á geðheilbrigði sjómanna. Verkefnið verði styrkt um 1.500.000 kr, með þremur skilyrðum. Staðfesting á aðkomu Dr. Olafs Chresten Jensen að verkefninu, samþykki Vísindasiðanefndar liggi fyrir og tryggt verði að persónuverndarlögin verði virt.

Ráðið samþykkti einróma að styrkja þessi tvö verkefni að uppfylltum tilgreindum skilyrðum innan hæfilegs tímafrests. JB/SGS hefur eftirlit með framkvæmd verkefna og upplýsir ráðið um framvindu þeirra.

AH lagði til að gerð verði rannsókn á áhrifum vaktafyrirkomulags og mikillar vöku á geðheilsu og lífaldur sjómanna. VV tók undir tillögur AH og sagði að rannsókn á hvíldartíma sjómanna sé í vinnslu. Nauðsynlegt sé að greina ástæður langtímaveikinda sjómanna en vísbendingar eru um að langtímaveikindi séu algeng og alvarleg sem gerir þau jafnvel að meira vandamáli en veikindi í skemmri tíma en 10 daga. Skoða þurfi mikilvægi fyrirbyggjandi forvarna m.t.t. veikinda.

4. Niðurstöður IMSAS úttektar. SK sagði almennt frá niðurstöðum úttektar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, sk. IMSAS úttekt sem fór fram 18.-27. maí síðastliðinn, á því hvernig tekist hafi til með innleiðingu 6 alþjóðsamþykka en margar stofnanir og ráðuneyti á Íslandi koma að innleiðingu þeirra samþykka).
 - I. Frávik í almennri stjórnsýslu málaflokks voru 3 og ein athugasemd Skortir heildaryfirsýn yfir málaflokkinn m.a. hjá fagráðuneyti og skortir skýra verkaskiptingu milli ráðuneyta og stofnana (hver ber ábyrgð á hverju). Vantar stefnumörkun, setja fram siglingastefnu Íslands, Skilgreina betur verklag á nokkrum sviðum og fjölga starfsfólki í stjórnsýslunni með þekkingu á alþjóðasiglingamálum og málum sem þeim tengjast.
 - II. Frávik sem tengjast stöðu sem fánaríki voru átta
 - III. Frávik sem tengjast stöðu sem strandríki frávik voru þrjú og ein athugasemd
 - IV. Frávik sem tengjast stöðu sem hafnaríki voru tvö

Sjá nánar í framlagt gagn nr. 5. Fram kom að stofnanir og ráðuneyti fengu einnig hrós fyrir það sem vel er gert og einnig fyrir atvikaskráningu og öflugan áróður og árangur í slysavörnum. Í umræðu var velt upp spurningum tam. afleiðingum þess ef frávik verða ekki lagfærð. Skírteinamál eru í lagi hjá okkur meðan við höldumst á hvítlistanum en það þarf að gera samninga við flokkunarfélögin vegna skipa sem þau þjónusta í umboði stjórnvalda.

Sama úttekt IMSAS verður eftir 7 ár en stjórnvöld hafa 90 daga frá úttektinni til að skila úrbótaáætlun þ.e. fyrir 10.11.2019 þannig að nýta þarf tímann vel á næstu mánuðum í samstarfi ráðuneyta og stofnana í að vinna úrbótaáætlunina og finna leiðir til að fjármagna úrbæturnar.

5. Ráðherraráðstefna um Cape Town samþykktina í Torremolinos. SK kynnti ráðherraráðstefnu um öryggi fiskiskipa og fund FAO, IMO og ILO um ólögmætar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar (IUU= Illegal, unreported, and unregulated) sem haldin verður 21.-23. október 2019 (sjá framlagt gagn nr. 6). Markmiðið er að vinna að fullgildingu Cape Town samþykktar sem Ísland fullgilti árið 2013. Enn vantar samþykki 11 ríkja til að hún öðlist alþjóðlegt gildi en einkum eru það Asíuríki sem hafa ekki treyst sér að uppfylla kröfurnar. Hluti málsins er að gera skipum sem stunda ólöglegar veiðar og virða ekki réttindi sjómanna erfitt fyrir vik að koma í veg fyrir að þau geti landað eða komið aflanum í sölu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra mun sækja ráðherrafundinn ásamt ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanni ráðherra þá mun SK sækja fundinn f.h. Samgöngustofu. SK hvatti fulltrúar hagsmunaaðila sæki þessa ráðstefnu. Þau sem óska eftir að sækja ráðstefnuna hafi samband við SK sem fyrst.
6. Öryggishandbók/Safety Folder. JSE verkefnisstjóri og tengiliður vinnuhópsins upplýsti um stöðu verkefnisins. Verkið gengur ágætlega en nokkrar tafir og breytingar hafa orðið þannig að uppfæra þurfti samninginn við Verkís. Útgerðahluti sem er rafrænn er nánast tilbúinn en útgerðir þurfa að laga hluta textans til samræmis við þeirra rekstur. Tafir hafa orðið á áhafnahluta en eftir er að þýða Safety Folder sem verður rafrænn á netinu yfir á íslensku en sending gagna frá Robert Green hefur tafist. Öryggishandbók fyrir Þorbjörn er tilbúin en áhöfn á eftir að vinna meira í Safety Folder. Einnig er verið að prófa notkun Safety Folder hjá LHG. Næsta skref er fundur vinnuhópsins með Fisk-Seafood og áhöfn Drangeyjar á Sauðárkróki næsta mánudag. Að loknum tilraunakeyrslu framhaldi verkefnisins tam. kynningar fyrir útgerðir og sjómenn, fræðslufni og kennslu á kerfið.
7. Lagafrumvörp og reglugerðabreytingar. EÓ fór yfir málið en fyrirhuguð eru þrjú lagafrumvörp á yfirstandandi þingi.
 - I. Alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði fiskimanna (ILO 188). Drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum eru til kynningar á samráðsgátt. HS minnti á mikilvægi þess að ákvæði ILO 188 í einum lögum til að auka aðgengileika fyrir almenning en ekki dreifa þeim í hin og þessi lög eða reglugerðir. EÓ sagði að ekki væri hentugt að hafa ítarleg lagaákvæði ef hægt er að hafa ákvæðin í reglugerðum. Lausn að birta sem heild með vísunum viðkomandi lög og reglugerðir?

- II. Breyting á áhafnalögum nr. 30/2007 um skilgreiningu á lengd smáskipa sem verður 15 metrar í stað 12 eins og nú er – komið til kynningar á samráðsgátt.
- III. Ný heildstæð skipalög. Í undirbúningi er að leggja fram frumvarp um heildarskipalög þar sem mörg eldri lög verði felld inn undir sömu lögin. Óskað verður eftir athugasemdum varðandi eldri eða nógildandi lög tam ef eitthvað er úrelt eða hvort vanti ákvæði í lögin. Ekki er um að ræða lög um áhafnir skipa heldur skipin og eftirlit með skipum. Gerður verður listi yfir lög sem þarfnast skoðunar.

SK benti á að skoða þurfi kröfur í 5. kafla SOLAS sem fjallar um siglingu skips, en fram kom í tengslum við IMSAS úttektina að einhver ákvæði vanti í okkar regluverk.

HS spurði um stöðu mála varðandi gerð nýrrar reglugerðar um lyf og læknisáhöld. HSS upplýsti að vinna að þessu væri í gangi hjá Samgöngustofu en ekki náðst að koma þessu langt þar sem fleiri stofnanir þurfi að koma að þessu verki en Landlæknir hafi vísað þessu frá sér.

8. Önnur mál

- I. HÁ minnti ráðsmenn á að senda ÁP erindi sem óskað er að taka fyrir í dagskrá undir önnur mál.
- II. HS benti á að enn vanti samþykki frá Samgöngustofu varðandi lokaútgáfu þriggja stuttmynda frá N4. HSS ætlar að minna viðkomandi starfsmenn á það.
- III. HS upplýsti að ekki væri tekið nógu hart á ógnandi hegðun farþega í skipum eins og gert er í fluginu en ráðist var nýlega á skipverja í farþegaskipi. AH benti á að bann við sölu áfengis í farþegaskipum gæti fækkað slíkum atvikum.
- IV. HS kom með tillögu að tekin verði upp sérstök skipaskrá „safnaskipa“.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 3. október. ÁP boðar í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.